

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012,
Laugarvatn, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að mörkuð eru þrjú ný íbúðarsvæði við Laugarvatn, alls 27,3 ha, þar sem gert er ráð fyrir 155-220 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007